

Ed.

217. Frumvarp til laga

[117. mál]

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

Á eftir síðari mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
Tóbaksauglýsingar eru bannaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir tveim árum flutti Magnús Jónsson, núverandi fjármálaráðherra, frumvarp til laga um bann við hvers konar tóbaksauglýsingum. Í greinargerð fórust flutningsmanni m. a. orð á þessa leið:

„Lengi hefur verið í gildi bann við að auglýsa áfengi, þar eð almennt hefur verið viðurkennt, að þjóðfélagsleg nauðsyn væri að sporna gegn áfengisnautn. Nú þykir óvefengjanlega sannað af visindamönnum, að tóbak hafi að miklum mun skaðlegri áhrif en áður hefur verið talið og eigi m. a. ríkan þátt í myndun krabbameins, eins hins geigvænlegasta sjúkdóms, er nú herjar þjóðina, svo sem flestar aðrar þjóðir. Viða hafa veruleg átök verið gerð í því skyni að vinna gegn tóbaksnautn, fyrst og fremst vindlingareykingum, sem taldar eru skaðvænlegasta tóbaksnotkunin.“

Frumvarpið fékk greiða afgreiðslu í efri deild og var samþykkt einróma til neðri deildar. Áður en til úrslita kom þar, var ljóst orðið, að öfl utan þingsins létu málið til sín taka í því skyni að koma frumvarpinu fyrir kattarnef, enda fór svo að lyktum, að afgreiðsla þess í neðri deild varð neikvæð. Hér munu hafa verið að verki menn, sem ábata hafa af tóbakssölu. Áhrifavald þeirra nægði þessu þjóðþrifamáli til falls, og er það raunar ekki í fyrsta sinn, sem almannaheill verður að víkja fyrir hagsmunum gróðamanna.

Nú skal enn á það reynt, hver vilji alþingismanna er í þessu máli, sem sannarlega virðist mikilvægt í heilbrigðislegu tilliti. Útbreiðsla krabbameins í lungum eykst jafnt og þétt, og vísindamenn hafa það fyrir satt, að tóbaksreykingum, einkum vindlinga, sé um að kenna. Þess vegna er í öllum menningarlöndum hafin öflug barátta gegn tóbaksnotkun, og eru læknaþar í fararbroddi. Leitast er við að fræða fólk um sýkingarhættuna, sem er mest hjá þeim, sem byrja reykingar ungir. Gegn þessari heilbrigðisfræðslu rísa framleiðendur og seljendur tóbaks öndverðir og magna auglýsingaáróður sinn fyrir aukinni tóbaksnotkun. Hér á landi hefur aldrei verið jafnmikið um tóbaksauglýsingar og síðan kunnugt varð um samband þess við lungnakrabba.

Það er eðlilegt verkefni Krabbameinsfélags Íslands að berjast gegn tóbaksreykingum, enda hafa forustumenn þess brugðizt drengilega við. Þykir hlýða að prenta hér sem fylgiskjal grein, sem formaður félagsins, Bjarni Bjarnason læknir, birti í Fréttabréfi um heilbrigðismál fyrir hálfu öðru ári (3. tbl. 1965). Greinin ber það með sér, hve þunga áherzlu sérfræðingar leggja á bannið við tóbaksauglýsingum. „Það urðu sár vonbrigði“, segir formaður krabbameinsfélagsins, „þegar frumvarpið um bannið við tóbaksauglýsingum dagaði uppi á Alþingi, en vonandi hafa það verið mistök, sem verða leiðrétt þegar á næsta þingi.“

Fylgiskjal.

BJARNI BJARNASON, læknir:

Ófögnuður, sem þarf að hverfa.

Hvenær skyldu tóbaksframleiðendur átta sig á því, að þegar þeir tæla fólk til að reykja meira og meira, eru þeir með þeim aðgerðum sínum að vinna stórkostleg óþurftarverk, ekki einungis með sinni eigin þjóð, heldur ná áhrif sumra þeirra út um allan heim. Þeir eru á þennan hátt að heita valdi, sem er þein íhlutun í heilbrigðismál þjóðanna, en svo mikið vald og styrk hafa þessir menn að baki sér, að þingin og ríkisstjórnirnar hafa enn ekki séð sér fært að grípa í taumana til að hamla gegn þessari háskalegu starfsemi, og kannske veldur þar nokkru um, að miklir fjárhagslegir hagsmunir ríkjanna eru þá um leið settir að veði.

Menn deila ekki um, að sjálfsagt sé að vernda fólk gegn morðvörgum, svikum og ofbeldismönnum. En þróunin og vísindin hafa í seinni tíð leitt ýmislegt í ljós, sem er svo hættulegt lífi og heilsu fólksins, að engu minni ástæða er til að vernda það gegn því, þó framleiðsla þess og notkun gangi ekki í berhögð við lögin, en þar eru sigaretturarnar að verða efst á baugi.

Hver sem lokaúrskurðurinn kann að verða um hlutverk sigarettunnar í myndun lungnakrabbameinsins, hafa læknávisindin komið með óhrekjandi rök fyrir því, að sigarettureykingar eru stórhættulegar fyrir heilsuna.

Auk þess sem vitað er, að þáttur þeirra í myndun lungnakrabbameinsins er geigvænlegur, skaða þær einnig meltingarfærin, hjarta og æðakerfið.

Hin mikla áherzla, sem lögð hefur verið á áhrif sigarettunnar í sambandi við illkynjaða sjúkdóma, hefur í seinni tíð dregið athyglina um of frá öðrum skaðlegum áhrifum sigarettureykinganna. Það má til dæmis benda á ótal skýrslur, sem sýna, hvað illkynja og langvarandi lungnakvef er sjaldgæft hjá þeim, sem aldrei hafa reyk, í samanburði við hina, sem reykja að staðaldri.

Þrátt fyrir hinar geigvænlegu hættur, sem allir vita að reykingarnar hafa í för með sér, auka tóbaksframleiðendurnir jafnt og þétt fjárausturinn í tóbaksauglýsingarnar, og framtíðaráætlanir þeirra í þeim efnum eru þó enn geigvænlegri. Auglýsingaaðferðir þeirra verða sífellt ósvífnari og lævislegri, eftir því sem tæknin leggur þeim fleiri tæki og vopn upp í hendurnar. Það er fólk, sem fæddist um og

eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar, sem nú á hvað mest á hættu að blekkjast af þessum áróðri, og við vitum, að börnin og unglíngarnir í barnaskólunum mynda einnig álitlegan hóp viðskiptavina sigarettusalanna. Það leynir sér heldur ekki, að tóbaksframleiðendurnir stefna einnig auglýsingaskeytum sínum að þeim aldursflokkum, svo óhugnanlegar eru þær brautir, sem fégræðgin og fjárplógskapphlaupið geta leitt mennina út í.

Hvers virði verður þá öll viðleitni læknanna, kennaranna, hjúkrunarfélksins og annarra, sem leitast við að fræða fólkið um hættunna, þegar svona er farið að? Þó þetta fólk geri sitt ýtrasta til að vernda börnin og unglíngana fyrir þessum voða, er það meira og minna unnið fyrir gýg og eyðilag, því máttur auglýsinganna er stórkostlegur, svo að fátt fær staðizt hann eða hamlað gegn valdi hans og ábrifum.

Það hlýtur þó að koma að því, að tóbakshringarnir og hluthafar þeirra verði að haga sér eins og síðaðir menn með ábyrgðartilfinningu og draga úr eða hætta linu brjáláða auglýsingakapplaupi og horfast í augu við, að það verður að draga úr reykingunum í heiminum, því það er orðið allt of margt fólk, sem reykir allt of margar sigarettur. Hinar hamslausu og fruntalegu aðgerðir þeirra, sem allar miða að því að hvetja fólk á öllum aldri til þessa athæfis, eru orðinn vísitandi fjandskapur við þjóðfélagið, og sé engin leið að brjóta brodd hans á annan hátt, verða löggjafarsamkomur þjóðanna vitanlega að skerast í leikinn.

Sem betur fer er engin tóbaksframleiðsla hér á landi, sé neftóbakið undanskilið, en það má víst telja fremur saklaust. En tóbaksauglýsingar vaða hér uppi og jafnvel hvað mest síðan umræður hófust um að banna þær með lögum. Það má vera, að það breyti litlu, þó Alþingi banni tóbaksauglýsingar, en það, sem þó vinnst með því, er, að það vikur sér ekki undan þeim skyldum, sem á því hvíla í þessu efni, og sýnir viðleitni til að styrkja þá baráttu, sem krabbameinsfélögin, skólarnir og fleiri aðilar halda uppi, þó að við ofurefli sé að etja.

Það vakti ekki litla athygli sums staðar erlendis, þegar Ísland varð fyrst allra þjóða til að reka af höndum sér þá villimennsku, sem hnefaleikarnir eru. Það liggur nærri að halda, að það yki einnig sæmd þess út á við, ef það bannaði og fordæmdi tóbaksauglýsingar á Íslandi, þó að það geti ekki með þeim aðgerðum sínum hrundið ófögnuðinum af þjóðinni eða bætt það böl, sem hann veldur, nema ef til vill að einhverju örlitlu leyti. En hvert spor, sem miðar í rétta átt, hversu smátt sem það kann að vera, er þess virði að stíga það, og er skylda þeirra, sem telja sig líf og heilsu hinnar upprennandi kynslóðar einhverju skipta.

Það urðu sár vonbrigði, þegar frumvarpið um bannið við tóbaksauglýsingum dagaði uppi á Alþingi, en vonandi hafa það verið mistök, sem verða leiðrétt þegar á næsta þingi.

Heimurinn stendur nú á vegamótum gagnvart tóbaksnautninni, því nú veit hann um voðann, sem hún hefur í för með sér, og jafnframt ætti það að verða ljóst, að tóbaksframleiðendunum getur ekki lengur haldizt uppi að mata krókinn á kostnað heilsu og lífshamingju þeirrar kynslóðar, sem nú er að erfa hann.

Öll þvingun er andstyggileg, en ef einhverjir heimta að halda uppi fjandsamlegum athöfnum gegn þjóð sinni, eða telja sig ekki geta komizt hjá því, er ekki um neitt að velja: Það verður með einhverjum aðgerðum að ráða niðurlögum þeirra afla.

Fréttabréf um heilbrigðismál,

3. tbl. 1965.